

Nafn sjúklings:

---

---

Nafn læknisins (sem ávísaði Jyseleca):

---

---

Símanúmer læknisins:

---

---

Dagsetning þegar notkun Jyseleca hófst:

---

---

Berðu kortið alltaf á þér meðan þú notar Jyseleca og sýndu það öllum heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að umönnun þinni eða meðferð, til dæmis lyfjafræðingi í apóteki eða lækni á bráðadeild.

**Skoðið vefsíður okkar**

[www.jyseleca.eu](http://www.jyseleca.eu)

Jyseleca-PAC-v.5.0-06-2025  
Samþykkt af Lyfjastofnun  
í júní 2025



## Sjúklingakort

Berðu kortið alltaf á þér

Öryggisupplýsingar um Jyseleca®  
(filgotinib) fyrir sjúklinga.

Á þessu korti eru mikilvægar  
upplýsingar fyrir sjúklinga um öryggi  
við notkun Jyseleca. Lesið fylgiseðilinn,  
þar eru frekari upplýsingar.

ALFASIGMA 

## Sýkingar

- Jyseleca getur valdið því að núverandi sýking versni eða aukið hættuna á því að þú fái nýja sýkingu. Talaðu tafarlaust við lækinn ef þú veikist eða ef vart verður við merki um alvarlegar sýkingar svo sem:
  - Hita eða kuldaþrolli, mæði, hósta, óvenju mikla þreytutilfinningu – þetta geta verið merki um lungnabólgu
  - Hita, svitamyndun, þyngdartap eða þrálátan hósta – þetta geta verið merki um berkla
  - Sársaukafull útbrot á húð með blöðrum – þetta geta verið merki um ristil (herpes zoster)
- Áður en þú byrjar að nota Jyseleca skaltu spyrja lækinn hvort nauðsynlegt sé að skima þig fyrir berklum, þar með talið óvirkri sýkingu
- Láttu lækinn vita ef þú hefur nýlega komist í snertingu við einhvern með berkla

## Blóðtappar í bláæðum í fótleggjum eða í lungum

- Láttu lækinn vita tafarlaust ef vart verður við einkenni blóðtappa í fótleggjum eða lungum, svo sem verk og þrota í fótlegg, brjóstverk eða mæði

## Kólesteról

Hátt kólesteról í blóði er mikilvægur áhættuþáttur fyrir hjartasjúkdóma. Læknirinn mun fylgjast með kólesterólgildum hjá þér meðan þú notar Jyseleca. Það mun auðvelda honum að ákveða hvort þú þarft á meðferð að halda til að lækka kólesterólgildi þín.

## Bóluefni

- Ekki ætti að gefa þér tiltekin (lifandi) bóluefni meðan þú notar Jyseleca
- Ræðið við lækinn eða lyfjafræðing um bóluefni áður en byrjað er að nota Jyseleca. Hann gæti viljað ganga úr skugga um að þú hafir fengið nauðsynlegar bólusetningar.

Jyseleca-PAC-v.5.0-06-2025

## Meðganga, getnaðarvarnir og brjóstagjöf

Ekki má nota Jyseleca á meðgöngu

- Þú verður að nota örugga getnaðarvörn á meðan þú tekur Jyseleca og í að minnsta kosti 1 viku eftir að þú hefur tekið síðasta skammt af Jyseleca
- Ef þú verður þunguð eða heldur að þú gætir verið þunguð meðan þú notar Jyseleca skaltu hætta að taka Jyseleca og láta lækinn vita strax
- Ef þú fyrirhugar að verða þunguð skaltu ræða fyrst við lækinn

Ekki hafa barn á brjósti meðan þú notar Jyseleca

## Krabbamein og húðkrabbamein

Jyseleca getur valdið aukinni hættu á krabbameini. Láttu lækinn vita ef þú tekur eftir nýtilkomnum vexti á húð.

## Hjartasjúkdómar

Jyseleca getur valdið aukinni hættu á tilteknum hjartasjúkdómum. Láttu lækinn vita ef vart verður við óþægindi fyrir brjósti (sem geta breiðst út í handleggji, kjálka, háls og bak), mæði eða sundl.